

Fundargerð 115. fundar

115. fundur framkvæmdastjórnar um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins var haldinn hjá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, Borgartúni 12-14, þann 2. febrúar 2017 kl. 10:30.

Fundarefni:

1. Tengivirki við Sandskeið – Deiliskipulag Mosfellsbæjar .

Lögð fram deiliskipulagstillaga dags. 8. desember 2016.

Framkvæmdastjórn um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins gerir eftirfarandi bókun:

Í texta deiliskipulags kemur fram að framkvæmdin er innan grannsvæða vatnsverndar skv. svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins árið 2015. Fyrir liggur samþykkt nr. 555/2015 um vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins þar sem fjallað er um framkvæmdir innan grannsvæða. Í 15. gr. er sett fram sú meginregla að á grannsvæði eru framkvæmdir og atvinnustarfsemi sem geta ógnað vatnsöryggi bönnuð. í 16 gr. er lagt bann við nýbyggingum, sumarbústöðum og atvinnustarfsemi á svæðinu. Óheimilt er að hefja nýjan atvinnurekstur eða auka við atvinnurekstur sem fyrir er en fram kemur í sömu grein að heilbrigðisnefnd sé heimilt að víkja frá þessu ákvæði þegar tryggt er að engin hættu sé á mengun grunnvatns af völdum starfseminnar. Sé óskað undanþágu heilbrigðisnefndar þarf rekstraraðili áformaðra framkvæmda skv. 26. gr. að sýna fram á að starfsemi verði ekki fundinn annar staður vegna eðlis hennar og að engin hættu sé á mengun. Mannvirkjagerð vegna slíkrar starfsemi þarf starfsleyfi heilbrigðisnefndar. Samhliða umsókn um starfsleyfi þarf að fylgja áhættumat.

Um er að ræða nýframkvæmd, hluta af styrkingu á raforkukerfinu á svæðinu sem helst í hendur við frekari framkvæmdir við Suðvesturlínur. Framkvæmdastjórn var að fá í hendur áhættumat fyrir Sandskeiðslínu 1 og tengivirki á Sandskeiði. Framkvæmdastjórnin telur nauðsynleg að skipulagsyfirköld taki tillit til áhættumatsins þegar unnin er lýsing fyrir deiliskipulagið og umhverfismat áætlunarinnar.

2. Lögð fram ársskýrsla Framkvæmdastjórnar um vatnsvernd 2016.

Skýrsla lögð fram.

3. Formannskipti.

Framkvæmdastjóri Heilbrigðiseftirlits Kjósarsvæðis, Þorsteinn Narfason, tekur við formennsku næstu tvö árin.

Fundi slitið kl. 11:40